

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Umsögn Starfsgreinasambands Íslands (SGS) um drög að viðmiðum fyrir ræstingarútboð ríkisins (Samráðsgátt mál nr. 126/2026)

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) telur framkomin drög að viðmiðum í útboðsferlum ríkisins vegna ræstinga vera jákvætt og mikilvægt skref í átt að ábyrgari útboðum þar sem betur er staðið vörð um kjör og starfsaðstæður ræstingarfólks. Sérstaklega er ánægjulegt að við vinnslu þeirra hafi ráðuneytið haft virkt samráð við stéttarfélög ræstingarfólks.

SGS fagnar sérstaklega þeirri áherslu að kostnaðaráætlanir byggist á raunhæfum forsendum og þeim kjörum sem kjarasamningar kveða á um, svo og að uppmæling fari fram áður en tilboð eru opnuð. Mikilvægt er að því sé fylgt fast eftir að óeðlilega lágu tilboðum sem ekki samræmast gildandi kjarasamningum sé vísað frá.

SGS vill þó koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

-Viðmið um 1.000 fermetra getur verið of gróft. Umfang og álag við ræstingu ræðst ekki aðeins af stærð húsnæðis heldur einnig af eðli starfseminnar, tíðni ræstinga, hreinlætiskröfum og aðgengi. Æskilegt er að svigrúm sé til uppmælingar minni verkefna þegar eðli þeirra gefur tilefni til.

-Fjöldi starfsmanna segir ekki nægilega til um raunverulegt vinnuálag. Í viðmiðunum ætti fremur að kalla eftir upplýsingum um fjölda stöðugilda eða heildarfjölda vinnustunda sem áætlað er að fari í verkið.

-Vinnutaktur við uppmælingu þarf að vera skýr. SGS leggur áherslu á að sú uppmæling sem liggur til grundvallar kostnaðaráætlun miðist við vinnutakt 100 samkvæmt kjarasamningi, en ekki hærri vinnutakt eða auknar afkastakröfur. Mikilvægt er að þar sem möguleiki er á auknum verkhraða starfsfólks skili það sér í viðbótargreiðslum, eins og kjarasamningar kveða á um.

-Ákvæði um vinnuverndarstarf þarf að yfirfara. Í drögunum er miðað við „fleiri en tíu starfsmenn í fullu starfi“, en skylda til að kjósa öryggistrúnaðarmann miðast við tíu starfsmenn eða fleiri, óháð starfshlutfalli. Jafnframt þarf að skýra betur hvernig afmörkun starfsstöðvar eða sjálfstæðrar starfseiningar samkvæmt reglugerð nr. 920/2006 á að koma til framkvæmdar.

-Orðalag þarf sums staðar að vera afdráttarlausara. Sem dæmi segir að keðjuábyrgð „geti átt við“ í þjónustukaupum. Keðjuábyrgð á við um þau þjónustukaup sem hér um ræðir og ætti orðalagið að endurspegla það.

Að teknu tilliti til framangreindra athugasemda styður SGS útgáfu og innleiðingu viðmiðanna og telur þau geta orðið mikilvægt tæki til að stuðla að ábyrgari útboðum og bættum starfsskilyrðum í ræstingum.

SGS lýsir jafnframt yfir fullum vilja til áframhaldandi samráðs um nánari útfærslu og framkvæmd viðmiðanna.

Virðingarfyllst,

Björg Bjarnadóttir,
framkvæmdastjóri SGS